



Alþingi
Erindi nr. P 122/1819
komudagur 15.4.198

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Austurvöll
150 Reykjavík.

Reykjavík, 31. mars 1998.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, (fyrning sakar).

Visað er til bréfs allsherjarnefndar, dagsett 16. þessa mánaðar, þar sem óskað er eftir umsögn minni um frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 521. mál, fyrning sakar.

Í upphafi síðasta árs ákvað ég, sem umboðsmaður barna, að taka til sérstakrar meðferðar, að eigin frumkvæði, kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum frá lögfræðilegu sjónarmiði, það er ákvæði hegningarlaga, sem leggja refsingu við slíkum brotum, og ákvæði réttarfarslaga um rannsókn og málsmeðferð fyrir dómi. Í skýrslu umboðsmanns barna "*Heggur sá er hlífa skyldi*" um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum 1997, eru m.a. borin saman ákvæði íslenskra hegningarlaga, sem ætlað er að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun við ákvæði danskra, norskra og sænskra hegningarlaga

Að fenginni þessari skýrslu var niðurstaða mín sú að brýnna úrbóta væri þörf til að styrkja réttarstöðu barna, sem fórnarlamba kynferðisofbeldis, sbr. og 34. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Af því tilefni ritaði ég dómsmálaráðherra bréf, dagsett 15. september 1997, og kom á framfæri tillögum mínum til úrbóta í þessum efnum, hvað varðar refsilöggjöfina sem og réttarfarslöggjöfina. Hinn 24. sama mánaðar barst mér svarbréf frá dómsmálaráðuneytinu, þar sem segir að ráðuneytið muni taka tillögurnar til athugunar og fela refsiréttarnefnd ráðuneytisins að fjalla um þær.



Tillögur þær sem refsiréttarnefnd hefur nú samið, og er að finna í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, fela vissulega í sér ákveðnar úrbætur til handa börnum sem verða fórnarlömb kynferðisofbeldis. Mín skoðun er hins vegar sú að réttarstaða þessara barna verði þó enn betur tryggð ef upphaf sakarfyrningarfrests í þessum málum verður talið frá þeim degi er brotapolí nær sjálfræðisaldri, þ.e. 18 ára aldri, í stað 14 ára eins og frumvarpið gerir ráð. Tillögur minar til dómsmálaráðherra hvað þetta atriði áhrærir gengu þó mun lengra, sbr. fyrrnefnt bréf mitt til ráðherra.

Virðingarfyllst;